



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Sjálfsmatsskýrsla 2018 - 2019

Lilja Guðný
Jóhannesdóttir
Skólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
MAT Á ÁRANGRI OG GÆÐUM SKÓLASTARFS Í FRAMHALDSSKÓLA	1
INNRA MAT Í VA OG ISO 9001 GÆÐAKERFI.....	2
ENDURGJÖF FRÁ NEMENDUM OG STARFSMÖNNUM	4
ÁFANGAMAT	4
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2018	5
Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2019.....	6
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	7
STARFSMANNAKÖNNUN	8
Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs.....	10
Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki.....	11
Fimm hæstu og lægstu einkumir VA	12
ÁRANGUR OG ÁSTUNDUN NEMENDA	13
ÁRANGUR.....	13
ÁSTUNDUN	13
ÚTSKRIFT ÁFANGA	15
KENNSLUÁÆTLANIR.....	15
FRAMVINDUMAT	16
ÁFANGASKÝRSLUR	16
EINKUNNALISTAR	16
GERÐ NÁMSMATSÞÁTTA.....	17
SAMANTEKT	17
MÖTUNEYTI - ÞJÓNUSTUKÖNNUN	18
MÖTUNEYTISKÖNNUN – HEIMAVISTARNEMENDUR Í FULLU FÆÐI.....	18
MÖTUNEYTISKÖNNUN – HÁDEGISVERÐUR.....	19
MATSÁÆTLUN 2019 – 2020	20
SAMANTEKT	22

Inngangur

Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað var stofnaður árið 1986. Þróun iðnskólanáms á staðnum má þó rekja aftur til ársins 1943 þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa.

Sérstaða skólans í dag, endurspeglast ekki síst í því að hann er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á starfsnám og einnig er sérstaða hans fólgin í því að vera í nánnum tengslum við atvinnulífið og hafa boðið uppá atvinnulífstengd námskeið.

Í skólanum eru alla jafna um 250 nemendur. Af þeim stunda um 150 nemendur nám í dagskóla en aðrir stunda fjarnám. Þrátt fyrir ekki fleiri nemendur er afar fjölbreytt námsframboð við skólann er þar er boðið upp á eftirfarandi námsbrautir:

Iðn- og starfsnám

- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Húsasmíði
- Grunnbraut hársnyrtiiðna
- Hársnyrtibraut
- Grunnám málm- og véltæknigreina
- Vélvirkjun
- 750kW vélavörður
- Vélstjórn B stig
- Grunnám rafiðna
- Rafvirkjun
- Fiskeldisbraut
- Þjónustubraut – leikskólaliði
- Þjónustubraut – stuðningsfulltrúi
- Sjúkraliðabraut
- Iðnmeistaránám

Nám til stúdentsprófs

- Félagsvísindabraut
- Náttúruvísindabraut
- Nýsköpunar- og tæknibraut
- Opin stúdentsbraut
- Viðbótarnám við starfsnám til stúdentsprófs

Aðrar námsbrautir framhaldsskóla

- Framhaldsskólabraut
- Starfsbraut

Mat á árangri og gæðum skólastarfs í framhaldsskóla

Verkmenntaskóli Austurlands (VA) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar er kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi. Markmið með mati og eftirliti er að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi

skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla. Jafnframt að stuðla að auknum gæðum náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.).

Í lögunum er kveðið á um (41. gr.) að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Er tilgangur skýrslu þessarar að halda til haga upplýsingum um innra mat VA skólaárið 2018 – 2019.

Innra mat í VA og ISO 9001 gæðakerfi

Frá haustinu 2014 hefur verið unnið að innleiðingu á ISO 9001 gæðakerfi við VA. Er þar byggt á *Gæðahandbók* Verkmenntaskólans á Akureyri. Vinna við sjálfsmat skólans hefur því markast af innleiðingunni síðastliðin fjögur skólaár og eru nú flestir þættir kerfisins komnir í nokkuð góða virkni, sérstaklega þeir sem snúa að námi og kennslu.

Gæðakerfið felur í sér þá grunnhugsun að unnið sé að stöðugum umbótum í allri starfsemi skólans enda er slíkt forsenda framþróunar. Í kerfinu er starfsemi skólans lýst. Kerfið felur einnig í sér að unnið sé eftir settum vinnureglum. Er því ætlað að vísa til allra þeirra verka sem framkvæmd eru innan skólans ásamt stjórnskipulagi hans. Með ákveðinni einföldun má setja kröfur ISO 9001 staðalsins fram með eftirfarandi mynd:



Mynd 1: Líkan af vinnulagi ISO staðalsins

Gæðaráð er starfandi við skólann og vinnur að innleiðingunni samhliða innra mati. Skólaárið 2018 – 2019 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði:

- Lilja Guðný Jóhannesdóttir – skólameistari
- Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir – áfangastjóri
- Sigurborg Hákonardóttir – fjármálastjóri
- Gunnar S. Ólafsson – kennari í náttúrufræðigreinum
- Jón Valgeir Jónsson – kennari í vélstjórnarnámi

Í skýrslunni sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir þeim könnunum og úttektum sem gæðaráð skólans stóð fyrir á yfirstandandi skólaári og niðurstöðum úr ytra mati sem nýtt er sem hluti gæðastjórnunarkerfisins. Á skólaárinu 2017 – 2018 var unnið að skilgreiningu gæðamarkmiða og mælikvarða en sú vinna er afar mikilvægur þáttur í innleiðingu gæðastjórnunarkerfisins. Má sjá merki þessarar vinnu víða í eftirfarandi skýrslu þar sem margir hlutar hennar endurspegla mælingar viðkomandi markmiða. Einnig er farið yfir stöðuna varðandi útskrift áfanga sem er sá þáttur gæðastjórnunarkerfisins sem snýr beint að kennslu, undirbúningi hennar og úrvinnslu og hvernig tekst til við að fylgja skráðum verklagsreglum hvað þetta varðar. Fjallað er um þjónustukönnun sem gerð var á mötuneyti skólans. Loks er lögð fram matsáætlun komandi skólaárs (2019 – 2020).

Taka skal fram að talsvert hægði á vinnu við innleiðingu gæðakerfisins á skólaárinu vegna manneklu. Vinna gæðaráðs fól í sér eftirfylgni þeirra þátta gæðakerfisins sem þegar eru komnir í virkni en minna fór fyrir áframhaldandi innleiðingu. Þetta horfir þó til batnaðar en búið er að ráða gæðastjóra fyrir komandi skólaár.

Endurgjöf frá nemendum og starfsmönnum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati og starfsmannakönnunum. Hér á eftir má sjá niðurstöður fyrir skólaárið 2018 – 2019.

Áfangamat

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara.

Sú breyting var gerð á skólaárinu að áfangamatið var framkvæmt í gegnum Innu en fram að því hafði áfangamatið verið framkvæmt í gegnum SurveyMonkey. Framkvæmdin hefur verið í höndum gæðastjóra en þar sem enginn slíkur var starfandi í vetur sáu sáu gæðaráð um framkvæmdina. Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu og ræddi skólameistari niðurstöður við kennara eftir því sem tilefni varer til. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats hveurrar annar og þær loks kynntar á starfsmannafundi í annarlok.

Samkvæmt verklagsreglu sem verið er að innleiða varðandi áfangamat þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 18 – 24 mánaða fresti. Því getur þurft samanlagt fjórar annir til að fá meðaltal fyrir alla kennda áfanga í VA. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu í vetur var ákveðið að prófa að setja alla áfanga í mat, þar sem framkvæmdin var einfaldari. Þetta kom ágætlega út en ljóst er þó að einfalda þarf matið aftur svo þetta geti virkað, þ.e. leggja eina gerð áfangamats fyrir. Einnig hafði þessi breyting þau áhrif að umtalsvert dró úr svarhlutfalli. Það teljum við okkur þó geta bætt með aukinni eftirfylgni og er því ætlunin að halda þessu fyrirkomulagi áfram á komandi skólaári. Einnig var í vetur tekin sú ákvörðun að leggja áfangamat fyrir um miðja önn, á svipuðum tíma og framvindumat og miðannarmat fer fram. Kennarar hafa óskað eftir því að þessi breyting verði gerð svo þeir fái tækifæri til að bregðast við ef áfangamat sýnir að eitthvað þurfi að bæta. Áfangamat í lok annar sé lokamat

en árangursríkara geti verið að nýta áfangamat sem leiðsagnarmat, eins og hugsunin er á bak við miðannarmat sem nemendur fá og framvindumat sem kennarar gera með gæðastjóra.

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu, er það svohljóðandi:

- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:

- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 85% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Fjórar útgáfur af áfangamati voru lagðar fyrir; áfangamat fyrir staðnámsáfanga (geta verið blanda af staðnámi og fjarnámi), áfangamat fyrir fjarnámsáfanga, áfangamat fyrir áfanga með fimm eða færri nemendum og loks áfangamat fyrir fjarnámsáfanga með fimm eða færri nemendum. Í seinni útgáfunum tveimur eru engar opnar spurningar lagðar fyrir.

Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2018

Áfangamat haustannar var lagt fyrir í lok nóvember. Áfangamatið var sem fyrr segir lagt fyrir í öllum áföngum. Svarhlutfall var með eftirfarandi hætti:

- | | |
|--|------|
| • Áfangamat – staðnám | 68% |
| • Áfangamat – fjarnám | 21% |
| • Áfangamat – staðnám – fámennur hópur | 38% |
| • Áfangamat – fjarnám – fámennur hópur | 9,5% |

Svarhlutfall var að meðaltali 57% ef miðað er við alla áfanga sem voru metnir.

Í gæðamarkmiðum VA er gert ráð fyrir að svarhlutfall þurfi að vera yfir 70% til að matið sé marktækt. Svarhlutfallið var yfir 70% í 47 áföngum þar af var hlutfallið 100% í 8 áföngum. Aðeins 39% áfanganna skiluðu marktækum niðurstöðum.


Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2019

Áfangamat vorannar var lagt fyrir í byrjun apríl. Alls var það lagt fyrir í 119 áföngum. Af þeim voru 67 hefðbundnir dagskólaáfangar (5 eða fleiri nemendur), 31 fámennir dagskólaáfangar, 8 fjarkenndir áfangar og 13 fámennir fjarkenndir áfangar.

Svarhlutfall var með eftirfarandi hætti:

- Áfangamat – staðnám 72%
- Áfangamat – fjarnám 10%
- Áfangamat – fjarnám – fámennur hópur 14%

Svarhlutfall var að meðaltali 63% ef miðað er við alla áfanga sem voru metnir.




Mynd 2: Svarhlutfall í áfangamati frá H15 – V19

Á Mynd 2 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati fyrir síðustu átta annir. Hlutfallið sveiflast nokkuð á milli anna. Myndin sýnir hvernig svarhlutfall lækkaði þegar farið var að


meta alla áfanga í gegnum Innu í stað þess fyrirkomulags sem áður var, þ.e. að meta færri áfanga og kennarar fylgdu áfangamati eftir í sínum áföngum. Þessu þarf að fylgja vel eftir og ná hærra svarhlutfalli.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats 2018 – 2019 – Ánægja með kennslu

Á Mynd 3 má sjá afstöðu nemenda til eftirfarandi fullyrðingar: „Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.“ Hlutfall nemenda sem segjast vera ánægðir með kennsluna (sammála og frekar sammála) er 76% á haustönn og 81% á vorönn. Meðaltal skólaársins 2018 – 2019 er því 79% sem er undir gæðamarkmiði sem skólinn hefur sett sér, þ.e. $\geq 85\%$. Þessi niðurstaða er önnur en verið hefur og má hugsanlega skýra hana með lægra svarhlutfalli en verið hefur undanfarnar annir. Þetta þarf að skoða vandlega á komandi skólaári samhliða því að fá betri svörun í áfangamati.



Mynd 4: Niðurstöður áfangamats 2018 – 2019 – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Á Mynd 4 má sjá afstöðu nemenda til eftirfarandi fullyrðingar: „Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.“ Hlutfall nemenda sem telur aðstöðuna viðunandi (sammála og frekar sammála) er 87% á haustönn og 88% á vorönn. Meðaltal skólaársins 2018 – 2019 er því 87,5% sem er rúmum tveimur prósentustigum yfir $\geq 85\%$ gæðamarkmiði.

Fyrir nákvæmari niðurstöður áfangamats á skólaárinu 2018 – 2019 er vísað á heimasíðu skólans en þar má sjá svör við öllum spurningum sem lagðar voru fyrir.

Starfsmannakönnun

Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) stendur árlega fyrir könnuninni *Stofnun ársins* sem er ein stærsta og veigamesta vinnumarkaðskönnun landsins og er hún framkvæmd af Gallup. Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd stofnunar og jafnrétti. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu mála innan þeirra stofnana sem taka þátt í könnuninni.

Verkmenntaskóli Austurlands hefur verið þátttakandi í *Stofnun ársins* undanfarin ár og því var ákveðið í Gæðaráði að nota þessa könnun sem starfsmannakönnun skólans. Var

könnunin framkvæmd í þetta sinn í mars 2019. Þegar niðurstöður voru birtar í maí mánuði var óskað eftir ítarlegri gögnum fyrir skólann og voru þau rýnd í Gæðaráði.


Hluti af gæðamarkmiðum VA eru metin út frá niðurstöðum úr *Stofnun ársins* en samkvæmt þeim er stefnt að því að niðurstöður í VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla ár hvert á kvarðanum 1- 5. Skilgreind gæðamarkmið gagnvart starfsánægju og starfsumhverfi sem mæld eru með könnuninni eru eftirfarandi:

- Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VA.
- Að skapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.

Mælikvarðar sem notaðir eru til að meta hvort markmiðum sé náð eru annars vegar niðurstaða úr matsþættinum *ánægja og stolt* og hins vegar úr þættinum *vinnuskilyrði*. Markmið náðist ekki varðandi ánægju með vinnuskilyrði en VA er þar 0,25 stigum undir meðaltali framhalds- og háskóla. Markmiði var hins vegar náð gagnvart ánægju og stolti starfsmanna en þar er skólinn 0,2 stigum yfir meðaltalinu.

Almennt eru niðurstöður VA úr *Stofnun ársins* góðar. Skólinn fékk meðaleinkunnina 4,26 og hafnaði í 12. sæti meðalstórra stofnana (20 – 49 starfsmenn) en í þeim flokki voru 44 stofnanir. Svarhlutfall í VA var 63%. Fjöldi útsendra lista var 40 og fjöldi svarenda 25. Þegar skoðað er hverjar heildarniðurstöður VA eru í samanburði við aðra framhaldsskóla má sjá að VA er í 9. sæti og +0,11 stigum yfir meðaltali þeirra.

Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs




Mynd 5: Úr skýrslu Gallup – tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs á kvarðanum 1 – 5.

Mynd 5 sýnir breytingar á meðaleinkunn VA fyrir hvern efnisflokk könnunarinnar á milli árána 2018 og 2019. Meiri breytingar má greina á milli ára en verið hefur. Dregið hefur úr ánægju með starfsanda, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi og ímynd stofnunar en ánægja með stjórnun og jafnrétti hefur aukist. Hugsanlega má skýra aukinn breytileika á milli ára með lækkuðu svarhlutfalli, en hlutfallið lækkaði um 11% á milli ára.

Stærsta breytingin á niðurstöðum á milli ára hefur að gera með ánægju með vinnuskilyrði en þar lækkar skólinn um 0,29 stig. Þetta er í raun í samræmi við þær umræður sem farið hafa fram í vetur varðandi vinnuaðstöðu kennara. Í verknámshúsi eru aðstæður kennara óviðunandi vegna hljóðmengunar og annarrar truflunar en vinnuaðstaðan er samliggjandi verkstæðum, að mestu glerveggir á milli. Í bóknámshúsi er einnig óánægja með vinnuaðstöðu en þar má segja að vinnurýmið sé sprungið og erfiðlega gengur að koma öllum kennurum fyrir og skapa þar góðar vinnuaðstæður.

Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki




Mynd 6: Úr skýrslu Gallup – samanburður allra matsþátta

Á Mynd 6 má sjá samanburð allra matsþátta milli VA og annarra framhalds- og háskóla og einnig allra stofnana sem tóku þátt í könnuninni. Eins og sjá má er VA með betri niðurstöður en meðaltal skólanna á átta af tíu matsþáttum. Í samanburði við allar stofnanir er VA með betri niðurstöður á níu af tíu matsþáttum. Sá þáttur sem þarna kemur verst út tengist vinnuskilyrðum starfsmanna.


Þeir þættir sem hér koma hér best út fyrir VA er annars vegar ánægja með stjórnun og hins vegar ánægja með sveigjanleika vinnu. Ánægja með stjórnun er +0,38 stigum ofan við meðaltal annarra skóla og ánægja með sveigjanleika í vinnu er +0,34 stigum ofan við meðaltalið.

Fimm hæstu og lægstu einkunnir VA

Fimm hæstu einkunnir stofnunar



Fimm lægstu einkunnir stofnunar



Mynd 7: Úr skýrslu Gallup – fimm hæstu og lægstu einkunnir VA. Tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali VA og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki (framhalds- og háskólar)

Mynd 7 sýnir fimm hæstu og lægstu einkunnir skólans og í sviga fyrir aftan má sjá mun á niðurstöðum VA og meðaltali framhalds- og háskóla. Hér eru tvær tölur áberandi. Annar vegar er það hæsta niðustaða skólans og snýr að trausti til stjórnenda. Þar er VA 0,70 stigum hærrí en aðrir skólar. Hin talan sem þarna er áberandi tengist afstöðu starfsmanna til vinnuaðstöðu en þar er skólinn 0,62 stigum undir meðaltali skólanna. Af þessum niðurstöðum má ljóst vera að afar brýnt er að bætt verði úr vinnuaðstöðu starfsmanna skólans.

Árangur og ástundun nemenda

Eins og fyrr hefur komið fram er búið að skilgreina gæðamarkmið og mælikvarða og komu í kjölfarið á þeirri vinnu mælingar á ástundun og árangri nemenda inn í sjálfsmatsskýrslur skólans en þessir mælikvarðar komu fyrst inn í sjálfsmatsskýrslu 2017 – 2018.

Árangur

Hvað árangur nemenda varðar er gæðamarkmiðið skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Að nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.

Mælikvarðarnir felast í meðaleinkunn nemenda og hlutfalli falla (einkunn undir 5,0) í öllum áföngum. Hvað meðaleinkunn varðar er markmiðið ≥ 6 og gagnvart falli $\leq 17\%$.

Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2018 – 2019 var 6,7. Nokkur munur mældist á milli anna en meðaleinkunn á haustönn var 6,4 en á vorönn 6,99. Niðurstaðan skólaársins nær því gæðamarkmiði skólans.

Á skólaárinu 2018 – 2019 var fallprósenta 17% sem er innan markmiða. Á haustönn 2018 var hlutfallið 19% en á vorönn 15%. Enn hefur smæð skólans þau áhrif að talsverðar sveiflur eru í niðurstöðum mælinga og því er mikilvægt að horfa á niðurstöður til lengri tíma þegar metið er hvort gæðamarkmiðið hafi náðst.

Ástundun

Hvað ástundun varðar er gæðamarkmiðið skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Að bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.

Mælikvarðarnir felast í mætingarhlutfalli og brottfallshlutfalli. Hvað mætingarhlutfall varðar er markmiðið 90% en fyrir brottfall $\leq 3\%$.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti reiknar út árlegt brottfall nýnema, þ.e. hversu hátt hlutfall nýnema innritast á annað ár framhaldsskólans. Þar sem útreikningar brottfalls eru

almennt af ýmsum toga og verður hér notast við þessar niðurstöður ráðuneytisins þar sem þær eru helst samanburðarhæfar við aðra framhaldsskóla. Það þýðir þó að í þessari skýrslu eru brottfallstölur fyrir árið 2017, því nýrri tölur hafa ekki borist. Á árinu 2017 var brottfall nýnema í VA 0%. Hlutfallið sveiflast nokkuð á milli ára en árið 2016 var þessi tala 8,8%.

Skólaárið 2018-2019 var mætingarhlutfall 82,55% og var það nokkuð jafnt á milli anna (H18 = 82% og V19 = 83,1%).

Útskrift áfanga

Eins og áður hefur komið fram þá er útskrift áfanga veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrsla skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til.

Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á haustönn 2018 var hlutfall útskrifaðra áfanga 100% og á vorönn 2019 var hlutfallið 98%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Er þeim bæði skilað til áfangastjóra og þær rýndar en einnig er þeim skilað undirrituðum af kennara og áfangastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til áfangastjóra skólaárið 2018 – 2019:

- Haustönn 2018 – 100%
- Vorönn 2019 – 100%

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt einu sinni á hvorri önn. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra.

Niðurstöður framvindumats voru á báðum önnum teknar fyrir á fundi gæðaráðs og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Á skólaárinu fóru allir áfangar sem kenndir voru í gegnum framvindumat.

Áfangaskýrslur

Áfangaskýrslum skila kennarar fyrir námsmatssýningu, bæði á haust- og vorönn. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Einnig geta þeir í skýrslunni gert opnar athugasemdir og vísað þeim til deildastjórafundar og/eða gæðaráðs eftir því sem við á. Með áfangaskýrslum skila kennarar sundurliðuðum einkunnalistum. Skólameistari og áfangastjóri rýna skýrslurnar og bregðast við eftir því sem þörf er á.

Skil á áfangaskýrslum skólaárið 2018 - 2019 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2018 – 100%
- Vorönn 2019 – 100%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum.

Skil á einkunnalistum skólaárið 2018 - 2019 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2018 – 100%
- Vorönn 2019 – 100%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanganga, lokaverkefnisáfanganga eða símatsáfanganga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanganga er að ræða. Áfangastjóri og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum.

Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta skólaárið 2018 - 2019 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2018 – 100%
- Vorönn 2019 – 98%

Samantekt

Hlutfall útskrifaðra áfanga á skólaárinu 2018 - 2019 var 99% (meðaltal haust- og vorannar). Á skólaárinu 2016 – 2017 var þetta hlutfall 87%. Má því segja að skólinn sé búinn að ná því markmiði að komast sem næst 100% skilum.

Mötuneyti - þjónustukönnun

Á skólaárinu voru gerðar þjónustukannanir með það að markmiði að meta ánægju nemenda með mötuneyti skólans. Voru tvær kannanir lagðar fyrir. Annars vegar fyrir heimavistarnemendur sem eru í fullu fæði í mötneytinu og hins vegar fyrir nemendur einungis eru í hádegismat í mötuneytinu. Hér á eftir má sjá niðurstöður úr þessum könnunum.

Mötuneytiskönnun – heimavistarnemendur í fullu fæði

Á heimavistinni á vorönn voru 16 nemendur þegar könnunin var lögð fyrir. Af þeim svöruðu sjö könnuninni, svarhlutfalli var því ekki nema 44% og verður að skoða niðurstöður í því ljósi.

Sjónum var beint að fjórum þáttum, þ.e. morgunverði, hádegisverði, kvöldverði og umhverfi/þjónustu.

71% svarenda hafði jákvæða afstöðu til morgunverðar en vistarbúar nýttu sér morgunverðinn hins vegar ekki mikið. Flestir svarendur borðuðu morgunverð í mötuneytinu 1 – 2 sinnum í viku.

Hvað hádegisverðinn varðar þá töldu 28,6% svarenda hann fjölbreyttan en 57,1% taldi hann góðan. Meiri ánægja var með fjölbreytni kvöldverðar en 57,1 % svarenda töldu að hann væri fjölbreyttur en það er sama hlutfall og taldi kvöldverðinn vera góðan. Skammtastærðir þóttu almennt vera máttulegar, bæði í hádegis- og kvöldverði.

Hvað þjónustu og umhverfi varðar var almenn ánægja meðal svarenda. Þar var spurt út í hreinlæti, umhverfi og viðmót.

Loks var spurt út í verðlagningu á fæði, þ.e. hvort verðið á matnum væri sanngjarnt. 28,6% svarenda töldu verðið á matnum vera sanngjarnt. Stærsti hópurinn, eða 42,9%, var hvorki sammála né ósammála þessari fullyrðingu.

Mötuneytiskönnun – hádegisverður

Mötuneytiskönnun var einnig lögð fyrir nemendur sem einungis nýta sér hádegisverð í mötuneyti skólans. Svarhlutfall var um 70%. Í könnuninni var sjónum beint að tveimur þáttum, þ.e. hádegisverði og umhverfi/þjónustu.

Hádegisverðurinn var fjölbreyttur að mati 52,6% svarenda en 63,2% töldu hann bragðast vel. Skammtastærðir voru hæfilegar að mati 84% svarenda.

Hvað þjónustu og umhverfi varðar var almenn ánægja meðal svarenda. Þar var spurt út í hreinlæti, umhverfi og viðmót.

Loks var spurt út í verðlagningu á fæði, þ.e. hvort verðið á matnum væri sanngjarnt. 38,9% svarenda töldu verðið á matnum vera sanngjarnt. Jafn stór hópur er hvorki sammála né ósammála þessari fullyrðingu.

Loks var spurt út í lengd á hádegishléi, en það er 35 mínútur. Mötuneytið á heimavistinni er staðsett í um 5 mínútna göngufjarlægð frá skólanum. 29,7% svarenda eru telja það hæfilega langt en 70,2% telja það of stutt.

Vísað er á heimasíðu skólans fyrir nákvæmari niðurstöður könnunarinnar.

Matsáætlun 2019 – 2020

Hér má sjá matsáætlun VA fyrir skólaárið 2019 – 2020. Ákveðnir þættir fast settir, þ.e. þættir 1, 6, 7, 8, 9, 10 og 11 og eru þeir hluti af sjálfsmati skólans ár hvert. Aðrir þættir geta komið tilfallandi inn, s.s. ýmsar þjónustukannanir.

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður														Ábyrgð	
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7				
1	Áfangamat Könnun meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum og út frá ákveðnum kennurum.	VKL-402, VKL-301			X						X							Gæðastjóri
2	Starfsmannasamtöl Skólameistari á formlegt samtal við starfsmann á 2ja ára fresti. Í samtalinu eru greindir þættir sem kennaranum finnst ganga vel með og hins vegar þeir þættir sem kennarinn vill bæta sig í. Rætt er um starfsþróun og markmiðsetning sett fram til framtíðar. Niðurstöður úr áfangamati eru ræddar.	VKL-206, LSM-003, LSM-004, GÁT-010, GÁT-020		X	X	X			X	X	X	X						Skólameistari
3	Þjónustukönnun Mötuneyti og heimavist.												X					Gæðaráð Gæðastjóri
4	Þjónustukönnun Verknámsvika VA og Fjarðabyggðar.													X				Gæðaráð Skólameistari
5	Starfsmannakönnun Könnun meðal starfsmanna VA um starfsaðstöðu, stjórnendur, samstarf, vellíðan á vinnustað og fl. Framkvæmt með þátttöku í Stofnun ársins (svarhlutfall þarf að vera að lágmarki 35% til að stofnun nái inn á listann stofnun ársins).											X						Gæðaráð Skólameistari
6	Framkvæmd kennslu Sjálfsmat kennara á framkvæmd kennslu: a) á miðri önn – framvindumat. b) í lok annar – áfangaskýrsla kennara.	VKL-106, GÁT-020 GÁT-013			X		X				X		X					Allir kennarar Deildarstjórar Gæðastjóri Aðstoðarskóla- meistari
7	Árangur og ástundun nemenda Í annarlök er ástundun og árangur nemenda skoðaður út frá mætingarhlutfalli, brottfalli, meðaleinkunn og fallhlutfalli.	STS-007					X						X					Aðstoðarskóla- meistari

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður														Ábyrgð	
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7				
8	Líðan og áhugi nemenda Könnun á líðan og námsáhuga. Mælikvarðar koma úr Framhaldsskólalámsinum.	STS-007				X												Gæðastjóri
9	Rýni á kennsluáætlunum Allar kennsluáætlanir eru rýndar út frá markmiðum viðkomandi áfanga, vinnuskipulagi, auðlindum, aðbúnaði og námsmati.	GÁT-045	X						X									Allir kennarar Deildarstjórar Aðstoðarskóla- meistari
10	Mat á námsþáttum Allir námsþættir skólans skulu rýndir. Öll próf skólans rýnd áður en þau eru lögð fyrir út frá samræmdu útliti, fjölbreytileika í prófa- og spurningagerð.	VKL-306, VKL-307, GÁT-037				X	X						X	X				Allir kennarar Deildarstjórar Aðstoðarskóla- meistari
11	Vikulegir fundir gæðaráðs Gæðamál eru fastur liður á dagskrá á vikulegum fundum gæðaráðs þar sem farið er yfir frávík, breytingar, niðurstöður úttekta, þörf fyrir frekari úttektir, forvarnir og annað sem til fellur.	VKL-102, GÁT-040, GÁT-044.		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X				Gæðastjóri Gæðaráð

Samantekt

Á þessari skýrslu má sjá að skólinn er vel á veg kominn í innleiðingu gæðakerfis sem er orðinn stór hluti af sjálfsmati skólans. Við teljum að með innleiðingu gæðakerfis verði öll vinna við sjálfsmat markvissari og auðveldara að koma auga á þá þætti sem betur mega fara í starfi skólans.

Á skólaárinu voru settir gæðamælikvarðar sem gera alla vinnu við sjálfsmat markvissari þar sem búið er með þessu að setja skýrari ramma um hvaða árangri við viljum ná í þeim þáttum sem mældir eru.

Eins og fram kemur í skýrslunni hægði á innleiðingu gæðakerfis á skólaárinu vegna manneklu en ekki var starfandi gæðastjóri við skólann. Hlutverk gæðastjóra er m.a. að leiða innleiðingarferlið. Starfandi gæðaráð hélt þó matsáætlun skólans gangandi á skólaárinu. Búið er að ráða nýjan gæðastjóra sem tekur til starfa á nýju skólaári og mun innleiðingin þá fara í fullan gang aftur.



Lilja Guðný Jóhannesdóttir
skólaameistari